

61. sveitarstjórnarfundur, 18.05 2010, Végarði kl. 11.30

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Magnhildur Björnsdóttir og Þorvarður Ingimarsson.

Dagskrá

1. Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 29.05 2010
2. Niðurstaða útbóðs vegna byggingar Laugarfellsskála
3. Önnur mál.

Oddviti setti fund.

1. Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 29.05 2010

Kjörskrá yfirfarin. Á kjörskrá eru 44 karlar og 29 konur. Alls 73.

Kjörskrá samþykkt og oddvita falið að undirrita hana.

Kjörskráin liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá og með 19. maí. til kjördags, 29. maí.

Þorvarður yfirgaf fundinn.

2. Niðurstaða útbóðs vegna byggingar Laugarfellsskála.

Tilboð voru opnuð þann 5. maí sl. Átta tilboð bárust. Eftir að tilboð hafa verið yfirfarin og kostnaðaráætlun hönnuða leiðrétt er niðurstaða eftirfarandi:

	Bjóðandi	Upphæð	Af áætlun
1	Timburmenn ehf, frávik	73.618.012	92,4%
2	VHE hf	73.947.161	92,8%
3	Selhús	75.764.192	95,1%
4	Timburmenn ehf	76.678.444	96,2%
5	Eðalbyggingar	79.934.192	100,3%
6	Ylur ehf	81.221.862	101,9%
7	Ht hús	86.718.410	108,8%
8	HjH ehf	89.584.000	112,4%

Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að ganga til samningaviðræðna við lægstbjóðendur, Timburmenn ehf, í samráði við Arkís.

3. Önnur mál.

- a) Ákveðið að boða til aukafundar í sveitarstjórn föstudaginn 21. maí n.k. kl 13:30 til að afgreiða ársreikning sveitarfélagsins.
- b) Magnhildur skýrði frá aðalfundi Menningarráðs Austurlands 12. maí s.l.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.00

Magnhildur ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)